

KYNNING Á FRAMBOÐI TIL STJÓRNARSETU HJÁ FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐNUM Í KOSNINGUM 2024



Ég heiti Kristjana Kjartansdóttir og býð mig fram til stjórnarsetu hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum, og gef til vara kost á mér í varastjórn.

Sem stjórnarmaður mun ég leggja mitt á vogarskálarnar til árangursríks stjórnarstarfs hjá Frjálsa með hagsmuni sjóðsfélaga að leiðarljósi.

Undanfarin ár hef ég setið í stjórn, m.a. verið formaður Staðlaráðs, varaformaður Verkfræðingafélags Íslands, stjórnarmaður hjá Stjórnvísí og varamaður í stjórn Orku náttúrunnar efh. Í stjórn Orku náttúrunnar var ég jafnframt ritari frá 2014 - 2016. Þar tók ég þátt í að leggja grunn að starfsreglum stjórnar, og vann að mati stjórnar á eigin störfum. Sú góða reynsla hefur nýst mér í annarri stjórnarsetu, m.a. mikilvægi þess að móta starfsreglur stjórnar, áhættugrunduð ákvarðanataka og ekki síst að stjórn meti eigin störf með hliðsjón af lagalegum og öðrum kröfum sem gerðar eru til hennar. Í störfum stjórna þarf lykiláhersla að vera á stefnumörkun til framtíðar, áhættustjórnun og innra eftirlit með starfsemi sjóðsins. Síðast en ekki síst tel ég gagnkvæma virðingu og virka þátttöku allra stjórnarmanna vera forsenda fyrir farsælu stjórnarstarfi.

Síðastliðin fjórtán ár starfaði ég hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Þar var ég í forsvari fyrir gæða- og upplýsingaöryggisstjórn, úttektir, áhættustjórnun og skjalastjórnun. Starfið fólst í stefnumótun málaflökkanna sem ég var í forsvari fyrir, áhættumati, innleiðingu á stýringum og verklagi ásamt eftirliti með árangri hjá Orkuveitunni og dótturfélögum. Mikilvægur liður í eftirliti voru innri úttektir og úttetkir vottunaraðila. Í þau fjórtán ár sem ég var í forsvari fyrir stjórnunarkerfin stóðst Orkuveitan og dótturfélög alltaf vottunarúttektir þrátt fyrir miklar breytingar á þeim tíma.

Ég hef starfað náið með innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar við skoðanir og úrvinnslu úrbóta í kjölfar þeirra á árangursríkan hátt. Áður en ég hóf störf hjá Orkuveitunni hef ég m.a. starfað hjá sprotafyrirtækjunum Hafmynd ehf, norska fyrirtækinu Miros AS og Vaki Fiskeldiskerfi hf, auk þess að kenna við Háskóla Reykjavíkur, Antwerpen University og Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Stöðugar umbætur eru mikilvægar í síkviku umhverfi og til að stuðla að betri og árangursríkari starfsemi. Hjá Orkuveitunni hef ég tekið virkan þátt í mörgum stærri umbótaverkefnum, svo sem að kortleggja meginferli starfseminnar og innleiðing á straumlínustjórnun. Meðal þeirra umbótaverkefna sem ég tók virkan þátt í vann ég þétt með Fjármálasviði við innleiðingu á Beyond Budgeting aðferðafræðinni, en með því náðist að stytta uppgjörsferli um 2 mánuði. Og þegar ég fékk ábyrgð á rekstraráhættu náðist að koma á laggirnar virkri áhættustjórnun í öllum einingum félaganna.

Ég leitast alltaf eftir að gera betur í dag en í gær og tel að reynsla mín úr stjórnarstörfum og atvinnulífinu ásamt metnaði fyrir árangursríku stjórnarstarfi geti haft jákvæð áhrif á störf lífeyrissjóðsins með hagsmuni sjóðsfélaga að leiðarljósi.

Með vinsemd og virðingu,

Kristjana Kjartansdóttir

MS Stjórnun og stefnumótun og BS Rekstrartækniþæði